

Hundaræktarfélagið sendi á dögunum spurningar er varða hagsmunamál okkar félagsmanna til þeirra framboða sem bjóða fram til alþingiskosninganna sem fara fram næstkomandi laugardag. Þess ber að geta að framboðin fengu stuttan tíma til að svara spurningunum en svör þeirra framboða sem bárust ásamt spurningunum sem lagðar voru fyrir þau má sjá hér að neðan;

Svör framboða við spurningum um hagsmunamál hundaeigenda.

## **Vinstri Græn**

### **1. Hver er stefna flokksins varðandi einangrunarvist hunda við flutning til landsins?**

Vinstri græn hafa ekki myndað sérstaka stefnu um einangrunarvist hunda. Mikilvægt er í öllu falli að unnið sé ítarlegt og faglegt áhættumat, enda mikið í húfi fyrir óvarða innlenda hunda og önnur dýr, lýðheilsu fólks (margir dýrasjúkdómar geta borist í menn) og sporin hræða þegar slakað er á kröfum um innflutning á dýrum. Nýlegt dæmi frá Noregi þar sem innfluttur hundur (fyrirverandi flækingshundur) reyndist smitaður af hjartaormi, sem getur smitað bæði aðra hunda og menn, sýnir að ekki er nóg að krefjast vegabréfa, en sá hundur var með alla pappíra í lagi, en reyndist þó smitaður af þessum sjúkdómi.

### **2. Hver er stefna flokksins varðandi aðgengi hunda almennt í; Almenn farþegarými samgöngutækja?**

Meðal kosningaáherslna Vinstri grænna er að efla þurfi almenningssamgöngur, auk uppbyggingar innviða samgöngukerfisins í þágu hjólandi og gangandi. Það mun styðja við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, auka lífsgæði og bæta mannlíf. Jákvæð áhrif hunda á líf eigenda sinna, jafnt barna sem fullorðinna eru mikið rædd og rannsökuð. Það samrýmist hugmyndum VG um aukin lífsgæði og bætt mannlíf og aukna notkun almenningssamgangna að leyfa hunda, en þó að sjálfsögðu án þess að ganga á rétt annarra farþega sem af einhverjum orsökum geta ekki verið innan um hunda. Vinstri græn styðja því að fundin verði leið til að auka aðgengi hunda að almennu farþegarými samgöngutækja.

### **3. Hver er stefna flokksins varðandi aðgang hunda að húsrýmum á borð við; Gististaði, veitingahús og íþróttahús?**

Vinstri græn hafa ekki myndað sérstaka stefnu um aðgang hunda að gististöðum, veitingahúsum og íþróttahúsum. Ef engar sérstakar hreinlætisástæður liggja fyrir, eins og t.d. í tilfelli veitingastaða, þá sjáum við ekkert í vegi fyrir því að endurskoða þær takmarkanir sem nú eru í gildi.

## **Framsóknarflokkurinn**

### **1. Hver er stefna flokksins varðandi einangrunarvist hunda við flutning til landsins? Einangrun er nú fjórar vikur frá komu til landsins.**

Viðhorf hafa breyst mikið þannig að það hefur komið til umræðu hvort ekki sé þörf á að endurskoða þessar reglu um einangrunarvist hunda. Strangari reglur um þessi mál gilda á Íslandi, en víða annars staðar, vegna þess hve viðkvæmir búfjárstofnar hér eru fyrir ýmsum prestum sem eru ekki vandamál annars staðar. Skemmt er frá því að minnast þegar hestainflúensa barst til landsins og olli því meðal annars að fresta þurfti landsmóti hestamanna.

Framsóknarflokkurinn hefur ekki tekið afstöðu til að rýmka gildandi reglur.

## **2. Hver er stefna flokksins varðandi aðgengi hunda almennt í; Almenn farþegarými samgöngutækja?**

Í dag er í gildi reglugerð um hollustuhætti sem bannar aðgang gæludýra að ákveðnum stöðum og gildir hún yfir allt landið. Hjálparhundur fatlaðs fólks fá undanþágu frá reglum reglugerðarinnar sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn á hjálparhundi. Sveitarfélögin hafa heimild til þess að setja þrengri reglur um gæludýrahald en ekki rýmri heldur en reglugerðin kveður á um.

Framsóknarflokkurinn hefur ekki tekið afstöðu til að rýmka gildandi reglur.

## **3. Hver er stefna flokksins varðandi aðgang hunda að húsrýmum á borð við; Gististaði, veitingahús og íþróttahús?**

Sjá svar við spurningu 2.

### **Alþýðufylkingin**

#### **1. Hver er stefna flokksins varðandi einangrunarvist hunda við flutning til landsins?**

Alþýðufylkingin mundi fara að ráðum færustu sérfræðinga varðandi einangrunarvist hunda.

#### **2. Hver er stefna flokksins varðandi aðgengi hunda almennt í; Almenn farþegarými samgöngutækja?**

Hundar og önnur dýr ættu helst ekki að vera í almenningssamgöngutækjum, m.a. vegna þess að sumt fólk er með ofnæmi fyrir þeim. Ef þau eru, ættu þau að vera í búri eða með múl fyrir gininu.

#### **3. Hver er stefna flokksins varðandi aðgang hunda að húsrýmum á borð við; Gististaði, veitingahús og íþróttahús?**

Alþýðufylkingin hefur ekki skoðun á því hvort hundar hafa aðgang að húsrýmum á borð við gististaði, veitingahús eða íþróttahús.

### **Viðreisn**

Þakka þér fyrir beiðnina. Viðreisn er nýr flokkur og hefur ekki náð að móta sér stefnu í öllum málaflokkum. Dýrahald telst þar á meðal, því miður. Við getum hins vegar sagt að við teljum hunda- og dýrahald vera sjálfsagðan þátt í lífi fólks og stefnan því fremur að auðvelda það en torvelda - enda hunda- og dýraeigendur í hópi leiðtoga flokksins.

### **Húmanistaflokkurinn**

Húmanistaflokkurinn hefur ekki mótað sér stefnu í varðandi þessi málefni. Við viljum vera heiðarleg svo það er ekki von á svörum frá okkur við þessum spurningum. Við erum alveg tilbúin að hitta ykkur eftir kosningar til að fræðast um málefnið.

### **Dögun**

Dögun hefur ekki mótað sér stefnu í umræddum málaflokki.

### **Sjálfstæðisflokkurinn**

Kærar þakkir fyrir fyrirspurnina. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki ályktað sérstaklega um þau hagsmunamál félagsmanna HRFÍ sem nefnd eru.

Þó er rétt að geta þess að Hildur Sverrisdóttir, frambjóðandi flokksins í Reykjavík, hefur verið talsmaður þess að sveitarfélögin fái sjálf að setja reglur um gæludýr á opinberum stöðum, allt frá veitinga- og kaffihúsum til líkamsræktarstöðva, leikhúsa og hótela.

Sjá nánar hér <http://www.ruv.is/frett/borgin-vill-aukid-frelsi-til-gaeludyrarahalds> og hér <http://www.visir.is/vill-ad-eigendur-stada-fai-frelsi-til-ad-setja-ser-reglur-um-gaeludyr/article/2015150519082>

## Píratar

Ég heiti Guðfinna Kristinsdóttir og er í 11.sæti Reykjavík Suður og vil þakka þér kærlega fyrir að senda þessar spurningar á framboðin.

Ég er annar stjórnandi hópsins Hundasamfélagsins og hef verið að beita mér fyrir stefnumálum í hundamenningu innan flokksins.

1. Píratar vilja endurskoða þann tíma sem fer í einangrun dýra sem allra fyrst. Einnig hafa píratar samþykkt að vilji flokksins sé að taka upp gæludýravegabréf af erlendri fyrirmynd, þá sér í lagi fyrir blindrahunda og önnur dýr sem ætluð eru til aðstoðar við fatlaða.

Samþykkt stefnu er hægt að sjá hér: <https://x.piratar.is/polity/1/document/44/>

2. Píratar hafa ekki samþykkt stefnu í þessum efnum, en töluverð vinna hefur verið lögð í stefnu sem verður fljótlega lögð fyrir kosningakerfið.

Þar segir meðan annars að verslunar- og veitingahúsaeigendur eigi að fá sjálfsákvörðunarrétt í þessum málum. Svo lengi sem dýrunum sé haldið frá þeim rýmum þar sem unnið er með matvæli.

Píratar vilja benda á að tífalt meira af hundaofnæmisvökum fannst í skólastofum Digranes- og Hjallaskóla en í íþróttahúsi daginn eftir hundasýningu (<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/265912/>).

Málið er ofangreindum pírata mjög annt um þar sem hundamenning á Íslandi er mjög ábótavant.

Í stefnumótun eru ákvæði sem skipta framþróun hundamenningar miklu máli og er þar litið mikið til norðurlandana. Sem dæmi þarf að:

Endurskoða hundagjöldin og það gjald sem sett yrði fari í bættu aðstöðu fyrir hundaeigendur.

Að hundasvæði þurfi að uppfylla lágmarksstærð, lágmarksfjölda sleppisvæða miðað við íbúafjölda sveitarfélags og innihalda einhverskonar leiktæki eða aðra afþreyingu.

Einnig er í stefnumótun að hunda megi skrá á heimili í fjölbýlum sem hafa utánaliggjandi stigaganga og að einungis geti hundaofnæmi veitt neitun á skráningu hunds í stigagangi.

Að lokum bendi stolt á það að hópurinn Píratar: Dýravelferð er einn stærsti vinnuhópur Pírata og vísa ég í píratakóðann þessum skoðunum til stuðnings.

Píratar virða líf

Píratar eru friðsamir. Þeir hafna því dauðarefsingu og eyðileggingu á umhverfi okkar. Píratar standa fyrir sjálfbærni náttúru og auðlinda. Við viðurkennum ekki einkaleyfi á lífi.

Píratar eru gagnrýnir

Píratar eru skapandi, forvitnir og fylgja ekki í auðsveipni stöðnuðu kerfi. Þeir skora kerfi á hólmi, leita að veikleikum og finna leiðir til að lagfæra þá. Píratar læra af mistökum sínum.

Píratar virða friðhelgi einkalífs

Píratar vernda einkalíf. Þeir berjast gegn vaxandi eftirlitsgeggjun ríkja og hagkerfa því að slíkt hamlar frelsi og þróun hjá einstaklingum. Frjálst og lýðræðislegt samfélag þrífst ekki ef friðhelgi einkalífs er ekki virt.

## Samfylkingin

1. Hver er stefna flokksins varðandi **einangrunarvist** hunda við flutning til landsins? Einangrun er nú fjórar vikur frá komu til landsins.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa lengi barist fyrir því að tekin verði upp gæludýravegabréf í stað einangrunar og höfum við lagt fram frumvarp þess efnis í þrígang. Það eru í raun engin efnisrök fyrir þessum ströngu reglum sem gilda hér og þessi langa einangrun því mikil tímaskekking.

2. Hver er stefna flokksins varðandi aðgengi hunda almennt í;

- Almenn farþegarými samgöngutækja?

Reglugerð um hollustuhætti bannar flutning dýra í almennum farþegarýmum samgöngutækja að undanskildum hjálparhundum. Það þyrfti að gera breytingar á reglugerðinni eða veita undanþágu frá henni. Við viljum gera hundaeigendum auðvelt fyrir að taka hundana sína með í almenningssamgöngur og sem dæmi þá er Strætó bs. með slíka vinnu í gangi og við bíðum niðurstöðu úr henni. Hluti af þeirri vinnu felst í að ræða innanríkisráðuneytið um nauðsynlegar breytingar á reglugerð.

3. Hver er stefna flokksins varðandi aðgang hunda að húsrýmum á borð við;

- Gististaði, veitingahús og íþróttahús?

Flokkurinn hefur ekki markað sérstaka stefnu um aðgang hunda að húsrýmum. Samhliða skoðun á breytingum á reglugerðum til að auðvelda eigendum hunda að taka þá með í almenningssamgöngur er eðlilegt að skoða hvort auðvelda eigi aðgang gæludýra að húsrýmum.

Frekari upplýsingar um gildandi reglur sem ofangreindar spurningar vísa í má finna í Reglugerð um hollustuhætti (nr. 941, 27. des. 2002) og fylgiskjali 3 við sömu reglugerð. Þessi mál skipta okkur hundaeigendum miklu máli og er okkur mikið í mun að fá að vita afstöðu ykkar til ofangreindra atriða.